

Sp. **914. Fyrirspurn** [490. mál]
til heilbrigðisráðherra um störf úrskurðar- og eftirlitsnefndar um fóstureyðingar.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hve mörgum ágreiningsmálum vegna fóstureyðinga hefur verið vísað til úrskurðar- og eftirlitsnefndar skv. 28. gr. laga nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir?
2. Hve mörg þeirra mála, sem nefndin hefur tekið fyrir, eru vegna ágreinings um framkvæmd fóstureyðingar fyrir lok 12. viku meðgöngu?
3. Hvaða orsakir eru oftast tilnefndar sem ástæða fyrir beiðni um fóstureyðingu í þeim málum sem berast nefndinni?
4. Hafa úrskurðir nefndarinnar vegna beiðni um fóstureyðingu falið í sér neitun? Sé svo, í hve mörgum tilvikum er það og hve langt hefur meðganga þá verið komin?
5. Hafa úrskurðir nefndinnar, þar sem synjað er um fóstureyðingu, byggst á því að umsækjandi hafi fengið framkvæmda fóstureyðingu áður?